STJÖRNUHEIMAR

Starfsáætlun

2026–2027

Frístund Vatnsendaskóla · Kópavogur

Vellíðan · Vinátta · Sjálfstæði · Sköpun · Lýðræði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

Starfsáætlun Stjörnuheima 2026–2027

01	Inngangur og fagleg leiðarljós	2
02	Hagnýtar upplýsingar og barnahópur	3
03	Gjaldskrá, umsóknir og innheimta	4
04	Starfið í vetur – áherslur 2026–2027	5
05	Dagskipulag	6
06	Val, klúbbar og tómstundasamstarf	7
07	Skólabragur og reglur	8
08	Frístundalæsi	9
09	Barnalýðræði og barnaráð	10
10	Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun	11
11	Öryggi og verkferlar	12
12	Hressing	14
13	Innra og ytra mat	15
14	Símenntun og fagleg þróun	16
15	Starfsfólk Stjörnuheima	17
16	Grunnur, viðmið og tengiliðir	18

Blaðsíðutöl miðast við prentaða útgáfu; forsíða er ómerkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

1. Inngangur og fagleg leiðarljós

Frístund Vatnsendaskóla ber heitið Stjörnuheimar.

Starfsáætlun þessi lýsir skipulagi, faglegum áherslum, öryggisverkferlum og þróunarstarfi Stjörnuheima skólaárið 2026–2027. Hún er unnin með hliðsjón af viðmiðum Kópavogsbæjar um starfsáætlanir frístundaheimila og byggir jafnframt á reynslu og starfsháttum Stjörnuheima.

Meginmarkmið

Að börnunum líði vel, upplifi öryggi og tilheyri hópnum; að þau fái raunverulegt val í frítíma sínum og tækifæri til að efla sjálfstæði, félagsfærni, sköpun og ábyrgð.

Leiðarljós starfsins

- Vellíðan og öryggi eru forsenda alls starfs.
- Frístund er frítími barnanna og dagskipulagið á að skapa ramma utan um leik, vináttu og val.
- Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni, uppákomur og þróun starfsins.
- Unnið er út frá styrkleikum barna og fjölbreyttum leiðum til þátttöku.
- Samstarf heimila, skóla og tómstundastarfs er mikilvægt til að skapa samfellu og öryggi í degi barnsins.

Reynslunám

Í Stjörnuheimum er lögð áhersla á reynslunám – að börn læri með því að gera, prófa, skapa, leysa verkefni og takast á við félagslegar aðstæður í öruggu umhverfi. Starfsfólk styður börnin í að ígrunda reynslu, læra af henni og nýta hana í nýjum aðstæðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

2. Hagnýtar upplýsingar og barnahópur

Helstu upplýsingar fyrir foreldra, forráðamenn og samstarfsaðila.

Atriði	Upplýsingar
Forstöðumaður	Ari Magnús Þorgeirsson
Netfang	arimagnus@kopavogur.is
Sími forstöðumanns	621-4170
Sími 1. og 2. bekkjar	621-4171
Sími 3. og 4. bekkjar	621-4172
Daglegur opnunartími	13:20–16:30 á virkum skóladögum
Skráningarkerfi	Vala / Minn Kópavogur
Breytingar á vistun	Gerðar í Völu / Minn Kópavogi samkvæmt gildandi frestum.
Veikindi / forföll	Foreldrar láta Stjörnuheima vita eins snemma og hægt er ef barn mætir ekki.

Barnahópurinn skólaárið 2026–2027

Hópur	Fjöldi barna
1. og 2. bekkur	92
3. og 4. bekkur	48
Samtals	140

Opnun á uppbrotsdögum

Frístund er lokuð í vetrarfríum. Þegar opið er á öðrum uppbrotsdögum eða í leyfum fer fram sérstök skráning í Völu og foreldrum eru sendar upplýsingar um opnunartíma og skráningarfrest. Ekki er hægt að gera ráð fyrir móttöku óskráðra barna.

Breytingar á heimferð, viðveru eða frístundabíl þurfa að berast tímanlega svo hægt sé að tryggja rétta skráningu og öruggt flæði í lok skóladags.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

3. Gjaldskrá, umsóknir og innheimta

Skráning og breytingar á vistun fara fram í gegnum Völu / Minn Kópavog.

Sótt er um vistun í frístund í gegnum Minn Kópavog. Breytingar á vistun og umsóknir um afslætti fara fram með sama hætti. Gildandi gjaldskrá frístunda í Kópavogi er birt á vef Kópavogsbæjar: https://www.kopavogur.is/gjaldskrar

Innheimta dvalar- og matargjalda

- 1. hvers mánaðar er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftir á.
- 10. hvers mánaðar er eindagi.
- 12. hvers mánaðar sendir innheimtudeild stöðu vanskila og skóli veitir óformlega áminningu áður en formlegt ferli hefst.
- 20. hvers mánaðar hefst formlegt innheimtuferli af hálfu bæjarins og áminning er send frá banka.
- 10. næsta mánaðar fer ógreidd krafa í milliinnheimtu samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld er enn ógreidd að tveimur mánuðum liðnum skal vist barns/mataráskrift sagt upp frá næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Mikilvægt

Gjaldskrá og innheimtureglur geta tekið breytingum. Foreldrar eru því hvattir til að skoða gildandi upplýsingar á vef Kópavogsbæjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

4. Starfið í vetur – áherslur 2026–2027

Fjölbreytt frístundastarf þar sem leikur, val og sjálfstæði barna eru í forgrunni.

Faglegar áherslur

- Að skapa öruggt og hlýlegt umhverfi þar sem börn upplifa að þau tilheyri.
- Að styrkja sjálfstæði, ábyrgð og góðar daglegar venjur.
- Að bjóða upp á fjölbreytt val sem höfðar til ólíkra áhugasviða og styrkleika.
- Að efla félagsfærni, samvinnu, sköpun og hreyfingu í leik og skipulögðu starfi.
- Að virkja rödd barnanna með samtali, kosningum, hugmyndasöfnun og barnaráði.

Áhersluverkefni haust 2026 – Frístundaáskorunin

Fjögurra vikna verkefni þar sem börnin unnu með sjálfstæði og jákvæðar venjur heima og í frístund. Hópurinn safnaði 3.397 stigum og náði gullmarkmiði. Börnin kusu sjálf sameiginlega umbun, sem tengir verkefnið við lýðræði, þátttöku og sameiginlega ábyrgð.

Val og þátttaka

Val er burðarás í starfinu. Börnin velja sér viðfangsefni innan skýrs ramma og fá stuðning við að prófa nýja hluti, halda áfram með verkefni og ganga frá eftir sig. Markmiðið er að börnin upplifi að frítíminn þeirra skipti máli og að þau hafi raunveruleg áhrif á hann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

5. Dagskipulag

Skýr rammi utan um frítíma – með rými fyrir leik, útiveru og val.

Tími	Dagskrá	Áhersla
13:20	Móttaka	Börnin koma í frístund, viðvera er yfirfarin og dagurinn ræstur.
13:20–14:00	Útivera	Hreyfing, frjáls leikur og félagsleg samskipti.
14:00–14:15	Síðdegishressing	Róleg samverustund og hressing.
14:15–16:00	Val og fjölbreytt dagskrá	Klúbbar, sköpun, leikir, hreyfing, salur og frjáls leikur.
16:00–16:30	Tiltekt og róleg stund	Gengið frá, dregið úr áreiti og börn sótt / fara heim samkvæmt skráningu.

Sveigjanlegt skipulag

Dagskipulag getur breyst vegna uppákoma, veðurs, sérstakra verkefna eða lengdrar viðveru. Foreldrum eru sendar upplýsingar þegar um verulegar breytingar er að ræða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

6. Val, klúbbar og tómstundasamstarf

Viðfangsefni breytast yfir skólaárið eftir áhuga barna, árstíðum og aðstæðum.

Dæmi um viðfangsefni og klúbba

Sköpun og ró	Hreyfing og leikur	Félagslegt og verkefni
Perlur, föndur og myndlist	Íþróttahús og boltaleikir	Spil og skák
Kubbar og LEGO	Dans og hreyfing	Kviss og hópleikir
Teikning og frjáls sköpun	Útivera og hjól	Söngur, tónlist og uppákomur
Bakstur þegar aðstæður leyfa	Frjáls leikur	Bíó og sérstakir þemadagar

Skipulag klúbbastarfs og námskeiða

Klúbbar eru ýmist opnir valsklúbbar sem standa yfir hluta úr degi eða verkefni sem ganga í styttri lotum yfir nokkra daga eða vikur. Frístundaleiðbeinendur, stuðningsfulltrúar og stjórnendur koma að klúbbastarfinu eftir áhuga, hæfni og verkefnaskiptingu. Þegar kennarar skólans eða aðrir fagaðilar leiða sérstök námskeið eru þau kynnt sérstaklega og samræmd almennu starfi frístundar. Markmiðið er að námskeið bæti við fjölbreytni án þess að skerða frjálsan frítíma barnanna.

Samstarf við íþrótta- og tómstundastarf

Stjörnuheimar eiga samstarf við íþrótta- og tómstundastarf í Kópavogi, meðal annars vegna frístundaaksturs. Foreldrar skrá og uppfæra upplýsingar um frístundabíl í Völu. Starfsfólk Stjörnuheima fylgir skráningu, kemur börnum í rétta ferð og tryggir afhendingu til fylgdarfólks/bílstjóra samkvæmt skipulagi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

7. Skólabragur og reglur

Virðing, ábyrgð, öryggi og jákvæð samskipti eru sameiginleg leiðarljós.

Stjörnuheimar eru hluti af Vatnsendaskóla og frístundastarfið tekur mið af skólabrag, reglum og sameiginlegum viðmiðum skólans. Starfsfólk leggur áherslu á að bregðast við aðstæðum með ró, skýrleika og virðingu og að hjálpa börnum að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Í daglegu starfi leggjum við áherslu á að börn

- sýni öðrum virðingu, kurteisi og tillitssemi,
- fylgi sanngjörnum fyrirmælum starfsfólks og öryggisreglum,
- gangi vel um húsnæði, búnað og eigur annarra,
- leysi ágreining með samtali og fái aðstoð fullorðinna þegar þarf,
- fái stuðning við að bæta fyrir mistök og finna leið aftur inn í jákvæð samskipti.

Viðbrögð við frávikum og grun um einelti

Atvik eru metin út frá alvarleika, aldri og aðstæðum. Starfsmaður ræðir við viðkomandi börn, tryggir öryggi og upplýsir stjórnanda eftir þörfum. Ef grunur vaknar um einelti er málið tekið alvarlega, skráð og unnið áfram í samræmi við verkferla Vatnsendaskóla og í samstarfi við foreldra og viðeigandi fagaðila.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

8. Frístundalæsi

Að geta nýtt frítímann á uppbyggilegan, skapandi og sjálfstæðan hátt.

Frístundalæsi er samþætt daglegu starfi Stjörnuheima. Börnin fá tækifæri til að kynnast ólíkum leiðum til að verja frítíma sínum, prófa viðfangsefni og átta sig á eigin áhuga og styrkleikum.

- Börnin læra að velja sér verkefni og virkni sem henta áhuga og þörfum.
- Unnið er með sjálfstæði, ábyrgð og félagsfærni í leik og starfi.
- Börnin fá fjölbreytt tækifæri til tjáningar, sköpunar og samvinnu.
- Lögð er áhersla á vellíðan og raunverulegt val í frítíma.
- Starfsfólk styður börn í að prófa nýtt og ígrunda hvað þeim finnst gefandi.

Frístundalæsi

Frekari upplýsingar og hugmyndafræði:
https://fristundalaesi.reykjavik.is/

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

9. Barnalýðræði og barnaráð

Börn eiga rétt á að hafa áhrif á frítíma sinn og starfsemi Stjörnuheima.

Barnalýðræði birtist bæði í daglegu vali og formlegri leiðum til áhrifa. Starfsfólk safnar reglulega hugmyndum, ræðir við börnin og notar kosningar þegar val stendur á milli sameiginlegra verkefna eða uppákoma.

Barnaráð

Barnaráðið er formlegur vettvangur fyrir rödd barnanna í Stjörnuheimum. Ráðið hittist að jafnaði á tveggja vikna fresti og eru fundirnir stuttir og markvissir, um 30–40 mínútur. Að jafnaði sitja allt að átta börn í ráðinu ásamt einum starfsmanni. Leitast er við að börn úr ólíkum árgöngum fái tækifæri til þátttöku og að allir sem hafa áhuga komist að yfir skólaárið.

Hugmyndakassi og fundir

Hugmyndakassi er sýnilegur og aðgengilegur öllum börnum. Þar geta þau sett fram hugmyndir – stórar sem smáar – um breytingar, verkefni, viðburði og annað sem snertir frítíma þeirra. Á fundum eru hugmyndir lesnar upp, ræddar og flokkaðar í framkvæmanlegar hugmyndir, hugmyndir sem ekki er hægt að framkvæma eins og þær eru settar fram og ógildar hugmyndir sem falla utan þess sem barnaráð getur tekið ákvörðun um. Starfsmaður styður börnin við að sjá hvaða rammar gilda og hvers vegna, en markmiðið er að þau taki sjálf virkan þátt í umræðunni og niðurstöðunni.

Hlutverk og ábyrgð barna

Börnin fá skýr hlutverk sem geta færst á milli funda, til dæmis sem upplesarar, teljari, tímavörður, skrásetjari, málefnastjóri og fundargerðarritari. Starfsmaður er fundastjóri og heldur utan um rammann, en leitast er við að börnin stjórni fundinum að sem mestu leyti sjálf. Þannig fá þau æfingu í að hlusta, taka afstöðu, rökstyðja hugmyndir, virða sjónarmið annarra og bera ábyrgð á sameiginlegum verkefnum.

Frá hugmynd að framkvæmd

Eftir hvern fund er tekin saman einföld fundargerð þar sem fram koma þátttakendur, helstu umræðuefni og niðurstaða um hugmyndir. Fundargerðir og niðurstöður eru gerðar sýnilegar svo börn, starfsfólk og foreldrar geti séð hvað hefur verið rætt. Framkvæmanlegum hugmyndum er fylgt eftir og börnin fá, eftir því sem kostur er, að taka þátt í sjálfri framkvæmdinni. Mikilvægt er að sýna börnunum hvaða áhrif tillögur þeirra hafa haft og loka þannig hringnum frá hugmynd að framkvæmd.

Dæmi um það sem börnin geta haft áhrif á

- val og klúbba,
- þemadaga og uppákomur,
- dót, spil og efnivið sem er í boði,
- sameiginlegar umbunir og hátíðir,
- hugmyndir að hressingu og sérstökum viðburðum innan þess ramma sem gildir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

10. Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Góð samskipti heimila og frístundar styðja við öryggi, vellíðan og skýran dag barnsins.

Foreldrar og forráðamenn eru mikilvægir samstarfsaðilar Stjörnuheima. Upplýsingar um dagskrá, sérstaka daga, skráningu, breytingar og önnur atriði eru sendar eftir þörfum í gegnum tölvupóst og Völu.

- Foreldrar eru hvattir til að hafa samband ef upplýsingar um líðan, heimferð eða aðstæður barns geta haft áhrif á daginn.
- Breytingar á viðveru eða heimferð þurfa að berast tímanlega og skráning í Völu þarf að vera rétt.
- Stefnt er að reglulegri upplýsingagjöf um starfið, dagskrá og áhersluverkefni.
- Ábendingar og hugmyndir frá foreldrum eru velkomnar og nýttar til umbóta eftir því sem við á.

Samskipti

Forstöðumaður: Ari Magnús Þorgeirsson · arimagnus@kopavogur.is · 621-4170. Sími 1.–2. bekkjar: 621-4171. Sími 3.–4. bekkjar: 621-4172.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

11. Öryggi og verkferlar

Öryggi barnanna er ávallt í fyrirrúmi og starfsfólk skal þekkja verkferla skólans.

Inn- og útskráning barna

Viðvera er yfirfarin þegar börn koma í frístund og heimferð fer eftir skráningu og upplýsingum frá foreldrum. Breytingar sem berast samdægurs eru skráðar og miðlað til þess starfsfólks sem þarf að vita af þeim.

Barn mætir ekki / barn finnst ekki

- Fyrst er kannað hjá kennara eða stuðningsfulltrúa hvort barnið hafi verið í skóla og hvort skýring sé á fjarveru.
- Ef barnið á að vera í frístund en finnst ekki er hringt í foreldri/forráðamann og staðan könnuð.
- Ef enn er óljóst hvar barnið er er leitað markvisst í og við skólann og haft samband við þá sem kunna að hafa upplýsingar.
- Ef ekki tekst að finna barn er brugðist við í samráði við foreldra og stjórnendur og lögregla kölluð til þegar aðstæður kalla á það.
- Atvik þar sem barn fer af stað án heimildar eru skráð og farið yfir þau með foreldrum og starfsfólki til að draga úr líkum á endurtekningu.

Á ferð með börnin

Fyrir ferðir er gerð einföld áhættumatsathugun, tryggt að viðeigandi búnaður og upplýsingar séu meðferðis og börn talin við brottför og endurkomu. Starfsfólk dreifir sér þannig að yfirsýn sé yfir hópinn og börn eru undirbúin fyrir reglur sem gilda á viðkomandi stað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

11. Öryggi og verkferlar – framhald

Ferðir, frístundabíll, slys, rýming og viðbrögð við vá.

Frístundabíll / íþróttarúta

Starfsfólk fylgir upplýsingum í Völu og kemur börnum tímanlega í rétta ferð. Börnum er fylgt að bíl/rútu og afhending fer fram samkvæmt skipulagi. Ef ferð fellur niður eða óvissa skapast er haft samband við foreldra eftir þörfum og barnið heldur áfram í öruggu umhverfi frístundar þar til annað er ákveðið.

Slys og áverkar

Aðstæður	Viðbrögð
Smávægilegur áverki	Veitt viðeigandi skyndihjálp, barn róað og foreldri upplýst eftir eðli atviks. Atvik skráð þegar ástæða er til.
Alvarlegt slys	Öryggi tryggt, kallað eftir 112 þegar þörf er á, foreldri/forráðamaður upplýstur án tafar og fylgt verkferlum skólans um skráningu og eftirfylgd.
Veikindi	Barn fær rólegt rými og haft er samband við foreldri/forráðamann eftir mati á líðan og þörf fyrir heimferð.

Rýming og viðbrögð við vá

Rýmingaráætlun Vatnsendaskóla gildir fyrir Stjörnuheima. Bruna- og rýmingaræfingar eru nýttar til að æfa örugga rýmingu og farið er yfir reynslu af æfingum með starfsfólki. Við óveður, jarðskjálfta eða aðra vá er fylgt viðbragðsáætlunum skólans og fyrirmælum almannavarna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

12. Hressing

Síðdegishressing er hluti af daglegri rútínu og rólegri samveru.

Hressing fer að jafnaði fram frá kl. 14:00–14:15. Lagt er upp úr einfaldri, fjölbreyttri og næringarríkri hressingu sem styður við orku og vellíðan barna eftir skóladaginn.

- Hressing er skipulögð þannig að börnin geti setið saman í rólegu umhverfi.
- Tekið er tillit til skráðra fæðuofnæma og sérþarfa samkvæmt upplýsingum frá foreldrum og skóla.
- Á sérstökum dögum getur verið boðið upp á sparihressingu eða veitingar sem tengjast uppákomum.
- Á lengdri viðveru er fyrirkomulag matar og hressingar kynnt foreldrum sérstaklega.

Samveran skiptir máli

Hressingin er ekki aðeins næring heldur einnig tækifæri til að hægja á, spjalla saman og undirbúa næsta hluta dagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

13. Innra og ytra mat

Matið er notað til að styrkja það sem gengur vel og greina skýr tækifæri til umbóta.

Innra mat 2026–2027

Stefnt er að árlegu mati þar sem sjónarmið barna, foreldra og starfsfólks eru nýtt. Sérstök áhersla verður lögð á eftirfarandi þætti:

- Vellíðan og öryggi barna.
- Upplifun barna af vali og áhrifum á frítíma sinn.
- Fjölbreytni í dagskrá og þátttaka.
- Samskipti og upplýsingamiðlun við foreldra.
- Skipulag, verkferlar og samstarf innan starfsmannahóps.

Ytra mat – þjónustukönnun

Niðurstöður þjónustukönnunar frístunda hjá Kópavogsbæ eru nýttar í umbótastarfi Stjörnuheima. Niðurstöður fyrir skólaárið 2026–2027 liggja ekki fyrir við gerð þessarar starfsáætlunar. Þegar þær liggja fyrir verða jákvæðar niðurstöður dregnar fram og varðveittar, en tækifæri til umbóta færð í skýrar aðgerðir með ábyrgð og eftirfylgd.

Umbótahringurinn

Hlusta → greina → forgangsraða → framkvæma → meta aftur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

14. Símenntun og fagleg þróun

Faglegt samtal og símenntun styðja við gæði, öryggi og samræmd vinnubrögð.

Starfsfólk Stjörnuheima tekur þátt í fræðslu og starfsþróun sem skólinn og Kópavogsbær skipuleggja eftir því sem við á. Markmiðið er að auka hæfni starfsfólks og skapa sameiginlegan skilning á faglegum áherslum frístundar.

- Skyndihjálp og öryggi barna.
- Fræðsla um ólíkar þarfir barna, stuðning og inngildingu.
- Samskipti, lausn ágreinings og jákvæð hópstjórnun.
- Öryggis- og viðbragðsáætlanir skólans.
- Frístundalæsi, barnalýðræði og þróun fjölbreytts frístundastarfs.

Faglegt samtal

Starfsfundir, dagleg yfirferð og samtal stjórnenda og starfsfólks eru nýtt til að samræma vinnubrögð, fara yfir atvik, skipuleggja dagskrá og greina það sem má bæta. Áhersla er á að starfsfólk geti spurt gagnrýninna spurninga um eigið starf og deilt góðum lausnum sín á milli.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

15. Starfsfólk Stjörnuheima

Starfsmannaskipulag skólaársins 2026–2027 samkvæmt fyrirliggjandi skipulagi.

Nafn	Hlutverk
Ari Magnús Þorgeirsson	Forstöðumaður
Guðleif Margrét Þórðardóttir (Gulla)	Aðstoðarverkefnastjóri
Linda	Stuðningsfulltrúi
Snejzana	Stuðningsfulltrúi
Rögnvaldur	Stuðningsfulltrúi
Snizana	Stuðningsfulltrúi
Linda	Stuðningsfulltrúi
Guðný	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Bjarki	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Apena	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Elena	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Ísold	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Guðrún	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu
Anabel	Frístundaleiðbeinandi / frístund eingöngu

Ath.: Nöfn frístundaleiðbeinenda eru birt eins og þau koma fram í starfsmannaskipulagi sem lá til grundvallar þessari útgáfu. Vinnutímar og verkefnaskipting geta tekið breytingum eftir skráningu barna, stuðningsþörf og skipulagi dagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

16. Grunnur, viðmið og tengiliðir

Starfsáætlunin er lifandi stjórntæki og er uppfærð þegar verulegar breytingar verða á starfsemi.

Grunnur starfsáætlunar

- Viðmið um starfsáætlun frístunda hjá Kópavogsbæ.
- Starfsáætlun Stjörnuheima 2025–2026.
- Starfsmannaskipulag Stjörnuheima 2026–2027.
- Skráning barna í Völu haustið 2026: 140 börn, þar af 92 í 1.–2. bekk og 48 í 3.–4. bekk.
- Gildandi upplýsingar um gjaldskrá og umsóknir á vef Kópavogsbæjar.

Tengiliðir Stjörnuheima

Tengiliður / svæði	Samband
Ari Magnús Þorgeirsson – forstöðumaður	arimagnus@kopavogur.is · 621-4170
1. og 2. bekkur	621-4171
3. og 4. bekkur	621-4172

Lokamarkmiðið

Að börnin fari heim úr Stjörnuheimum með þá tilfinningu að þau hafi átt góðan, öruggan og merkingarbæran frítíma – með vinum, vali og tækifæri til að vera þau sjálf.

Skjal sótt af '000000000' dags: 24.11.2026